

desember 1994. Að öðrum kosti skulu þau leggja niður innlánsdeildir sínar frá og með 1. janúar 1995.

Ákvæði 2. gr. a skal taka til endurskoðunar eigi síðar en 1. janúar 2000.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi 29. gr. laga nr. 46 13. júní 1937, um samvinnufélög.

Gjört í Reykjavík, 18. maí 1993.

Davíð Oddsson. Salome Þorkelsdóttir. Þór Vilhjálmsson.
(L. S.)

Jón Sigurðsson.

Nr. 85

18. maí 1993

LÖG

**um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að auka hlutafé
Íslands í Norræna fjárfestingarbankanum og að staðfesta
breytingar á samþykktum bankans.**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að samþykkja aukningu á hlutafé Norræna fjárfestingarbankans úr 1.600 milljónum sérstakra dráttarréttinda (SDR) í 2.400 milljónir SDR. Jafnframt er ríkisstjórninni heimilt að auka hlutafé Íslands í Norræna fjárfestingarbankanum, sbr. 2. og 3. gr. samþykkt bankans, um 7,2 milljónir SDR og leggja þar af fram allt að jafnvirði 243 þúsunda evrópskra mynteininga (ecu) á árunum 1993–1995.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að samþykkja breytingar á 6. gr. samþykkt bankans og bæta við þær grein 6b sem fjalli um sérstaka lánaþyrirgreiðslu til Eystrasaltsríkja (BIL-lán) og takast á hendur ábyrgðir í því sambandi að fjárhæð allt að jafnvirði 300 þúsunda evrópskra mynteininga (ecu).

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að samþykkja breytingar á 2., 4. og 9. gr. samþykkt bankans, þess eðlis að bankinn miði framvegis reikningshald sitt við evrópsku mynteininguna ecu.

4. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. maí 1993.

Davíð Oddsson. Salome Þorkelsdóttir. Þór Vilhjálmsson.
(L. S.)

Jón Sigurðsson.